

# Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2004-2005

## Flutt á aðalfundi félagsins 27. janúar 2005

### 36. starfsár

Helstu markmið stjórnar Skýrslutæknifélagsins á nýliðnu ári voru að reka félagið með hagnaði árið 2004 en um leið að efla faglegt starf innan þess. Þessi markmið náðust auk þess sem tókst að fjölga félögum eftir nokkurt tímabil fækkunar. Það er því alveg ljóst að félagið er í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, ný gæðamet í ráðstefnuhaldi hafa verið slegin og rekstrargrundvöllur félagsins er góður.

Félagsmönnum fjölgaði á milli ára úr 773 í 807. Skýringin er að hluta til sú að margir gengu í Fókus, nýjan faghóp Skýrslytæknifélagsins sem stofnaður var í haust. Þrátt fyrir að aðhaldsaðgerðir fyrirtækja sem hafa beinlínis fækkað félagsmönnum tókst við stofnun Fókus að fjölga félögum aftur um 70.

Stjórnin hélt 17 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni. Félagið stóð fyrir samtals 12 atburðum á árinu, níu ráðstefnum og þremur hádegisverðarfundum. Atburðir félagsins voru yfirleitt vel sóttir en alls komu 1109 manns á þá. Að jafnaði komu 103 á hverja ráðstefnu, sem er svipaður fjöldi þátttakenda og undanfarin ár. Aftur á móti komu aðeins 61 að jafnaði á hádegisverðarfundina, en það er fækkun frá því í fyrra. Nærtækasta skýringin er líklega sú að efni fundanna hafi ekki höfðað til eins margra og oft áður.

#### 1. Ráðstefnur og fundir

- 1.1. Fyrsti atburður ársins var ráðstefnan **Í grunni mínum geymi ég gögnin**, hálfspaldags ráðstefna haldin 5. febrúar og voru þátttakendur 145 talsins. Á ráðstefnunni var fjallað um nokkrar þær spurningar sem vert er að íhuga áður en farið er af stað með að velja gagnasafnskerfi fyrir tiltekin verkefni. Einnig var fjallað um ýmis atriði sem snúa að rekstri og samskiptum á milli ólíkra gagnasafnskerfa. Á ráðstefnunni var blandað saman reynslusögum notenda og fyrirlesturum frá sérfræðingum tengdum stórum framleiðendum gagnasafnskerfa.
- 1.2. **Linux, frjáls heimur**, hálfspaldags ráðstefna haldin 11. mars og voru þátttakendur 135. Á ráðstefnunni var fjallað um Linux stýrikerfið og annan frjálsan hugbúnað. Notkun á Linux og frjálsum hugbúnaði eykst stöðugt og á þessari ráðstefnu var ætlunin að sýna fram á hvernig innleiða má Linux og frjálsan hugbúnað í menntakerfinu og í opinberri stjórnsýslu og hvernig má spara í samkeppnisrekstri með Linux og öðrum frjálsum hugbúnaði.
- 1.3. **Árangursrík vefstjórnun, gagn eða gabb**, hádegisverðarfundur haldinn 1. apríl og voru þátttakendur 132. Á þessum fundi var kastljósinu beint að heimasíðum og vefsetrum. Slík vefsetur eru nánast óteljandi og Íslendingar hafa verið iðnir við að

koma upplýsingum og þjónustu á framfæri með þessari tækni. Það þykir nánast tortryggilegt ef fyrirtæki eða stofnun er ekki með vefsetur. Fjallað var um hvers vegna sum vefsetur ná vinsældum og laða að sér fjölda gesta á meðan önnur eru misheppnuð. Fundinum lauk með stofnun faghóps vefstjórnenda og gengu um 40 manns í hann.

- 1.4. Tími til að tengja** var heiti hinnar árlegu SARÍS-ráðstefnu og sýningar sem haldin var 15. apríl um rafræn viðskipti. Þátttakendur voru 92. Ráðstefnan hófst á erindi bresks sérfræðings um rafræn viðskipti. Hún var mjög metnaðarfull og með óvenjulegu sniði því ráðstefnunni var skipt upp í fjögur pallborð og tókst mjög vel að virkja þátttakendur sem margir lögðu orð í belg.
- 1.5. Ertu búinn að tapa þræðinum?**, hálf dags ráðstefna haldin 6. maí, þátttakendur 85. Þá var púlsinn tekinn á þræðlausri tækni á spennandi ráðstefnu þar sem víða var borið niður. Fjallað var um þá sprengingu sem hefur orðið á þessu sviði á skömmum tíma, keppst er við að bjóða þræðlausar tengingar í fyrirtækjum, skólum og til heimila. Nýjasta viðbótin hérlendis eru svo kölluð "hot spot" þar sem almenningur getur notað tölvur sínar á ýmsum samkomustöðum. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Wynne Davies, breskur sérfræðingur um þræðlausar tækni sem áður hefur flutt erindi á ráðstefnu félagsins.
- 1.6. Viljum við hert öryggi í rafrænum samskiptum?**, hálf dags ráðstefna haldin 13. maí í samvinnu við Póst og fjarskiptastofnun og norrænar systurstofnanir hennar, þátttakendur 46. Þessi ráðstefna var haldin í tilefni af því að hér á landi voru staddir sérfræðingar og forstjórar norrænna póst- og fjarskiptastofnana. Ráðstefnan var haldin á ensku og fjallaði um áreiðanleika og öryggi í net- og upplýsingakerfum. Fyrirlesarar greindu frá stöðu þessara mála í viðkomandi landi.
- 1.7. Kraftmikill upplýsingatækniiðnaður**, hádegisverðarfundur haldinn 30. september, þátttakendur 27. Fjallað var um stöðu upplýsingatækniiðnaðarins á Íslandi og þær breytingar sem hann hefur gegnið í gegn um á undanförunum árum. Stórar viðskiptablokkir hafa orðið til, aukin áhersla er á útrás auk þess sem meiri fagmennsa virðist einkenna atvinnugreinina.
- 1.8. Hvar eru upplýsingarnar?**, hálf dags heilbrigðisráðstefna haldin 15. október, þátttakendur 165. Fjallað var um sjúklingamiðuð upplýsingakerfi og meðal fyrirlesara voru þrír erlendir ráðgjafar í upplýsingakerfum fyrir heilbrigðisþjónustu. Ráðstefnan tókst mjög vel og henni lauk með stofnun faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu sem hefur fengið nafnið Fókus. Gengu 100 manns í faghópin þar af 70 nýir félagar í Skýrslutæknifélaginu.
- 1.9. Árleg Hugbúnaðarráðstefna Ský** var haldin 4. nóvember og voru þátttakendur 65, heldur færri en oft áður. Ráðstefnan tókst annars vel og voru mörg áhugaverð erindi flutt af íslenskum og erlendum sérfræðingum.
- 1.10. Tölvutunga**, hádegisverðarfundur haldinn 15. nóvember, þátttakendur 25. Fjallað var um íslensku í tæknigeiranum, staðla og tungutækni. Fundurinn var haldinn í samvinnu við Staðlaráði Íslands og Fagráð í upplýsingatækni. Hann þótti takast mjög vel þrátt fyrir dræma aðsókn.

- 1.11. Jólaráðstefna félagsins bar heitið **Bitar og bæti, heima og heiman**, hálf dags ráðstefna haldin 2. desember og voru þátttakendur 73. Þetta var skemmtileg tækniráðstefna þar sem fjallað var um tölvur og ýmsar tækninýjungar. Tölvun er allt í senn sjónvarpstæki, alhliða fjarskiptatæki og hágæða afþreyingartæki auk þess að sinna sínu gamla, góða hlutverki.
- 1.12. Síðasti atburður starfsársins og fyrsti atburður á nýju ári var um **Sambættingu í rafrænum viðskiptum**. Þetta var hálf dags ráðstefna haldin 18. janúar 2005 og voru þátttakendur 119. Farið yfir stöðuna á rafrænum samskiptum og sambættingu upplýsingakerfa hér á landi með áherslu á rafrænt viðskiptaumhverfi. Þátttakendum á ráðstefnunni gafst kostur á að hlýða á frásagnir nokkurra aðila sem lengi hafa staðið í eldlínunni í þessum efnum. Það er skemmst frá því að segja að þessi ráðstefna sló fyrri gæðamet í ráðstefnuhaldi félagsins.

## 2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Í samræmi við breytta stefnu í útgáfumálum voru greinar birtar á vefnum af og til allt árið. Tölvumál kom út á pappír í október og voru allar greinarnar nema ein frumsamdar fyrir blaðið. Ritnefnd hefur séð um að reglulega séu birtir úrdrættir úr helstu tölvufréttum utan úr heimi og er vefur félagsins, [www.sky.is](http://www.sky.is), einn helsti fréttamiðill landsins á sviði upplýsingatækni. Þar er enn fremur gott yfirlit yfir alla starfsemi félagsins, liðna atburði og þá sem eru framundan.

## 3. Orðanefnd

Orðanefnd hefur stöðugt unnið að því að endurbæta og uppfæra Tölvuorðasafnið sem er aðgengilegt öllum á vefnum. Síðastliðið haust funduðu stjórn félagsins og orðanefndin um starfsemi nefndarinnar og framvindu þeirra verkefna sem nefndin sinnir fyrir félagið. Á fundinum var m.a. rætt um að gefa Tölvuorðasafn út að nýju í bókarformi. Stjórninni leist vel á það og er nú leitað leiða til þessa að fjármagna útgáfuna. Orðanefnd hefur haft frumkvæði að þessu verkefni en stjórn félagsins styður hana með ráðum og dáð eins og kostur er. Að venju mun formaður orðanefndar gera sérstaka grein fyrir störfum nefndarinnar hér á eftir.

## 4. Faghópar

Faghópar Skýrslutæknifélags Íslands starfa á sérstökum, afmörkuðum sviðum og skapa félögum vettvang til kynninga, skoðanaskipta og framkvæmda. Hóparnir starfa sjálfstætt í samráði við stjórn félagsins. Ávinningur af samstarfi við Skýrslutæknifélagið er m.a. sú margvíslega sérþekking sem er að finna innan félagsins, erlend tengsl, aðstaða og aðstoð sem félagið getur veitt faghópum. Á liðnu starfsári voru stofnaðir þrír nýir faghópar innan Skýrslutæknifélagsins. eru því faghópar félagsins nú samtals fjórir:

- 4.1. DECUS, formaður er Sigurjón Þór Árnason, félagar eru 66.
- 4.2. Faghópur um áragursríka vefstjórn, formaður er Gunnar Grímsson, félagar eru 41.
- 4.3. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 103.
- 4.4. Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 26.

Sérstök grein verður gerð fyrir störfum einstakra faghópa hér á eftir.

## 5. Tölvuökuskírteini – TÖK

Á liðnu ári voru gefin út 104 ný hæfnisskírteini, en það eru eitthvað færri skírteini en árið á undan sem reyndar var metár. Jafnframt útskrifuðust 101 með fullgild tölvuökuskírteini. Prófmíðstöðvar eru átta talsins, um allt land. Alls hafa nú verið gefin út 830 hæfnisskírteini og samtals hafa 449 útskrifast frá upphafi árið 2000. Í stuttu máli má segja að tölvuökuskírteinið hafi gengið vel á árinu. Stjórn félagsins sér sóknarfæri í TÖK og hyggst efla dreifingu tölvuökuskírteina á næsta ári. Þetta er m.a. gert til að koma til móts við kröfur nýrra félag í Fókus faghópi félagsins.

## 6. Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að FUT og SARÍS og á fulltrúa í stjórn þessara félaga. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar. Sérstök grein verður gerð fyrir starfinu í FUT og SARÍS hér á eftir.

## 7. Erlent samstarf

Stjórn Skýrslutæknifélagsins hefur verið mjög umhugað um að félagið sé rekið með hagnaði og að ekki sé stofnað til óþarfa kostnaðar. Þó náðist bæði að sinna erlendu samstarf á vegum CEPIS, Council of European Professional Informatics Societies, og NDU, Nordisk Data Union. Framkvæmdastjóri félagsins sótti árlegan fund á vegum CEPIS sem að þessu sinni var haldinn í Tallin í Eistlandi þar sem framkvæmdastjórar evrópsku systurfélaga okkar funduðu. Enn fremur sótti framkvæmdastjóri einn fund hjá NDU í Kaupmannahöfn þar sem framkvæmdastjórar systurfélaganna á Norðurlöndum báru saman bækur sínar. Starfsemin er um margt lík þrátt fyrir ólíka uppbyggingu félaganna og stærðarmun og má nýta sér reynslu hinna, m.a. við ráðstefnu- og fundahald, uppbyggingu félagsgjalda og þjónustu við félagsmenn. Einnig sótti formaður félagsins annan tveggja árlegra formannafunda CEPIS sem haldinn var rétt utan við London. Þar var m.a. fjallað um félagaformið í einstökum Evrópulöndum, þá þjónustu sem félögin bjóða og mismunandi áherslur þeirra á TÖK.

## 8. Afkoma félagsins

Eins og fram hefur komið náðust þau markmið stjórnar að reka félagið með hagnaði og efla faglegt starf þess. Undanfarin tvö starfsár hefur aðahald ríkt í rekstri félagsins og hefur það skilað sér á ágætum hagnaði félagsins annað árið í röð. Ráðstefnur og fundir hafa gengið vel og tekist hefur að fá til landsins virta sérfræðinga án mikils kostnaðar fyrir félagið. Í lok ársins 2004 er hreinn hagnaður 1.171.226 kr. og verður það teljast mjög góður árangur. Vel heppnuð ráðstefna nú í janúar er utan við þetta.

## Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er um þessar mundir 37 ára. Það á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Laugavegi 178 þar sem að jafnaði starfa tveir starfsmenn. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfboðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka Hilmarí Karlssyni sem nú hverfur úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf síðastliðið ár.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands.  
Svana Helen Björnsdóttir

## Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2004 var 36. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 807 í lok starfsárs.

### Stjórn

Aðalfundur var haldinn 29. janúar 2004.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2004:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður  
Arnaldur F. Axfjörð, varaformaður  
Eggert Ólafsson, gjaldkeri  
Ebba Þóra Hvannberg, meðstjórnandi  
Einar H. Reynis, meðstjórnandi  
Jóhann Kristjánsson, meðstjórnandi  
Þorvaldur Jacobsen, ritari og varamaður  
Hilmar Karlsson, varamaður

Haldnir hafa verið 17 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

### Fjármál

Tekjur umfram gjöld voru á árinu voru kr. 1.171.226,- Ívar Guðmundsson hjá Deloitte hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins en félagskjörnir endurskoðendur eru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

### Útgáfumál

Ritstjórn hélt 27 fundi á starfsárinu. Alls voru birtar 24 greinar á vef félagsins auk fjölda smáfrétta sem eru endurnýjaðar nánast alla virka daga. Tölvumál voru gefin út í september og var blaðið að þessu sinni helgað arðsemi í upplýsingatækni. Í blaðinu voru 13 greinar og var það 42 blaðsíður. Greinar voru alls á árinu 36, en ein þeirra var bæði birt á vefnum og í blaðinu.

Ritstjórn skipa núna:  
Einar H. Reynis

Halldóra Matthíasdóttir  
Stefán Hrafn Hagalín  
Halldór Jón Garðarsson  
Sigurður Jónsson  
Þorvarður Kári Ólafsson  
Gestur Svavarsson gekk úr ritstjórn á árinu

#### Nefndir

##### **Orðanefnd:**

Sigrún Helgadóttir, formaður  
Örn Kaldalóns  
Baldur Jónsson  
Þorsteinn Sæmundsson

##### **Siðanefnd:**

Erla S. Árnadóttir, formaður  
Snorri Agnarsson  
Gunnar Linnét  
Heimir Sigurðsson, varamaður

##### **Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi SKÝ:**

Svana Helen Björnsdóttir

##### **Stjórn Persónuverndar, fulltrúi SKÝ:**

Svana Helen Björnsdóttir  
Arnaldur F. Axíjörð

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði og fjórir faghópar.

#### Ráðstefnur og fundir

- 1 Hálf dagsráðstefna, *Í grunni mínum geymi ég gögnin*, haldin 5. febrúar, þátttakendur 145.
- 2 Hálf dagsráðstefna, *Linux*, haldin 11. mars, þátttakendur 135.
- 3 Hádegisverðarfundur, *Árangursrík vefstjórnun-gagn eða gabb*, haldinn 1. apríl, þátttakendur 132.
- 4 SARÍS ráðstefna og sýning um rafræn viðskipti, haldin 15. apríl, þátttakendur 92.
- 5 Hálf dagsráðstefna, *Ertu búinn að tapa þræðinum?* haldin 6. maí, þátttakendur 85.
- 6 Hálf dagsráðstefna í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun, *Viljum við hert öryggi í rafrænum samskiptum*, haldin 13. maí, þátttakendur 46.
- 7 Hádegisverðarfundur, *Kraftmikill upplýsingatækniiðnaður*, haldinn 30. september, þátttakendur 27.
- 8 Heilbrigðisráðstefnan, *Hvar eru upplýsingarnar?* haldin 15. október, þátttakendur 165.
- 9 Hálf dagsráðstefna, *Hugbúnaðarráðstefna SKÝ*, haldin 4. nóvember, þátttakendur 65.
- 10 Hádegisverðarfundur, *Tölvutunga* haldinn 15. nóvember, þátttakendur 25.
- 11 Hálf dagsráðstefna, *Jólaráðstefna SKÝ*, haldin 2. desember, þátttakendur 73.
- 12 Hálf dagsráðstefna, *Sambætting í rafrænum viðskiptum*, haldin 18. janúar, þátttakendur 119.

Samanlagt hafa því 1109 sótt hefðbundna fundi og ráðstefnur á vegum félagsins á árinu, eða 92 að meðaltali.

Starfsmenn félagsins á árinu 2004 voru Hólmfríður Arnadóttir framkvæmdastjóri og Guðrún Pálína Haraldsdóttir aðstoðarmaður framkvæmdastjóra.

---